

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Skólabraut 2, breyttur byggingarreitur.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi Árness sem tekur til lóðar Skólabrautar 2. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit. Samþykkt í sveitarstjórn 24. október 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Mið- og Árhraunsvegur, skilmálar.

Um er að ræða óverulega breytingu á skilmálum deiliskipulags sem tekur til Mið- og Árhraunsvegar. Í breytingunni felst að á Mið- og Árhraunsvegi, Miðhraunsvegi 2 og Árhraunsvegi 13, 15 og 17 megi byggja íbúðarhús í stað fristundahúss. Samþykkt í sveitarstjórn 24. október 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. október 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 12. nóvember 2024